

Bókasafn



Héraðsskjalasafn



Upplýsingamiðstöð

## Ársskýrsla 2019

Gerð feb/mars 2020

Hrönn Hafþórsdóttir  
forstöðukona Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

## Efnisyfirlit

<b>Bókasafn Fjallabyggðar</b> .....	3
Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið.....	3
Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2019.....	3
Húsnæðismál.....	4
Rekstur safnsins og fjárveitingar.....	5
Gjafir til Bókasafns Fjallabyggðar .....	5
Safnkostur .....	6
Flokkun og skráning .....	6
Útlán.....	7
Gestir.....	8
Símenntun.....	9
Helstu verkefni 2019 .....	10
Viðburðir og sýningar.....	11
<b>Héraðsskjalasafn</b> .....	12
Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið.....	12
Húsnæðismál.....	12
Rekstur og fjárveitingar.....	13
Mannauður .....	13
Helstu verkefni .....	14
Lokaorð .....	16
<b>Upplýsingamiðstöð ferðamála í Fjallabyggð</b> .....	17
Rekstur og fjárveitingar.....	17
Ferðamenn.....	18
Súlurit yfir fjölda ferðamanna 2017 – 2018 – 2019 .....	21

## Bókasafn Fjallabyggðar

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Bókasafn Fjallabyggðar er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar samkvæmt gildandi lögum um almenningsbókasöfn, yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um almenningsbókasöfn og menningarstefnu Fjallabyggðar. Markmið þess er að vera íbúum bæjarins miðstöð upplýsinga, menntunar, menningar og afþreyingar með því að bjóða upp á aðgengi og útlán á fjölbreyttu úrvali bóka og tímarita auk stafrænna upplýsinga. Aukin áhersla er lögð á barnastarf, þ.á.m. sögustundir, safnkynningar, þjónustu við leik- og grunnskóla, skipulagða menningarstarfsemi fyrir almenning og góða aðstöðu til náms.

Afgreiðslutími

1. september – 31. maí: Opið virka daga frá kl. 13.00 -17.00

1. júní – 31. ágúst: Opið virka daga frá kl. 09.00 - 17.00. Helgar frá kl. 11.00 – 15.00 (lokað á sunnudögum í Ólafsfirði).

### Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2019

Á bóka- og héraðsskjalasafninu auk Upplýsingamiðstöðvar eru fjórir fastráðnir starfsmenn í rúmum þremur stöðugildum. Forstöðukona er í 50% starfi í bókasafni og 50% starfi við héraðsskjalasafn. Þjónustufulltrúi, Ólafsfirði er í 90% starfi við bókasafnið og 10% við Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Þjónustufulltrúi, Siglufirði er í 50% starfi við bókasafnið, 15% við héraðsskjalasafnið og 10% við Upplýsingamiðstöð ferðamanna. Einnig sinnir hún þrifum. Skjalavörður er í 50% starfi.

Starfsmenn voru ráðnir í sumarafleysingar á Upplýsingamiðstöð og leystu þeir einnig af sem bókaverðir, 50% á Ólafsfirði og 1x50% og 1x25% á Siglufirði. Ekki var lausráðin starfsmaður eins og árið áður og kom það sér illa vegna veikindaleyfa.

## Starfsmenn árið 2019

Stöðugildi	Bókasafn	Héraðsskjalasafn	Upplýsingamiðstöð
Bylgja Hafþórsdóttir	50%	15%	10%
Gíslný Halldóra Jónsdóttir		50%	
Hrönn Hafþórsdóttir	50%	50%	
Vilhjálmur Hróarsson	90%		10%
Sumarafleysingar 1. júní- 31. ágúst Bylgja Hafþórsdóttir, Eva Hrund Unnarsdóttir Jódís Jana Helgadóttir*			25% 50% 50%

### Húsnæðismál

Bókasafnið í Ólafsfirði er til húsa að Ólafsvægi 4 (gamla stjórnarsýsluhúsinu). Neðri hæð hýsir nýjar og nýlegar bækur ásamt afgreiðslu og á efri hæð eru eldri bækur, setustofa og fundaraðstaða. Hluti efri hæðar og anddyri er samnýtt með stjórnarsýslunni. Breytingar urðu litlar sem engar á árinu. Stjórnarsýslan er enn með fundaraðstöðuna á efri hæð og hefur komið til þess stöku sinnum að stangast á fundir og gestir bókasafnsins hafa þurft að fara.

Bókasafnið á Siglufirði er til húsa að Gránugötu 24 eins og verið hefur síðustu 55 árin. Meirihluti hillubúnaðar og húsgagna bókasafnsins er jafngamall. Litlu sem engu hefur verið eytt í viðhald síðustu ár og brýnt er að fara að huga að viðhaldi. Gluggar leka, gólfefni er ónýtt, hillubúnað og húsgögn þyrfti einnig að taka í gegn og laga. Þetta er óbreytt frá fyrra ári og hefur engu viðhaldi verið sinnt á árinu og **reynðar ekki neitt viðhald sem hefur átt sér stað þessi sex ár sem undirrituð hefur verið við störf fyrir utan að skipt var um hurðarhúna og tvisvar hefur ljósaperum í 55 ára gömlum ljósum verið skipt út.** Á árinu tók Fjallabyggð í notkun nýtt símkerfi og er bókasafnið innan þess.

## Rekstur safnsins og fjárveitingar

Rekstrargjöld bókasafns 2019 með nýtingu tekna voru kr. **24.944.189** en áætlun ársins gerði ráð fyrir kr. **26.323.000**. Árið 2018 voru rekstrargjöld með nýtingu tekna kr. 24.239.700 og var farið yfir áætlun þá vegna hærri launakostnaðar en gert var ráð fyrir í áætlun. Eins og áður hefur verið reynt að halda niðri kostnaðarliðum eins og mögulegt er til að mögulegt sé að mæta óhjákvæmilegum framúrkeyrslum í sumum liðum.

## Gjafir til Bókasafns Fjallabyggðar

Gjafir sem bárust á árinu voru mest bækur. Velunnarar safnsins færðu því veglegar bóka- og tímaritagjafir á árinu. Rúmlega 5.700 bækur og tímarit voru gefin safninu á árinu. Þetta eru fleiri gefnar bækur en allt árið 2018 sem er merkilegt því hætt var að taka við gjafabókum eftir mitt ár. Eru þessar bækur notaðar til að skipta út gömlum óhreinum og illa förnum bókum og einnig eru margar af þessum gjafabókum titlar sem bókasafnið átti ekki. Tæplega 500 titla áttum við ekki, um það bil 400 illa förnum eintökum var skipt út fyrir önnur betri, líka erum við að byggja upp auka-eintakasafn og þá helst af kiljum sem eru fljótar að skemmast. Vel safnaðist þar í, restin fór ýmist í sölu eða var hent. Ákveðið var í júlí að hætta að taka við gjafabókum að sinni og er það vegna þess að fyrirhugað er að skipta út gólfefni á bókasafninu Siglufjarðarmegin. Þegar þetta er skrifað í mars 2020 hefur ekkert gerst í þeim málum. Önnur ástæða fyrir að hætt var að taka við bókum eru fyrirmæli Landskerfis um að afskrifa bækur sem ekki er nauðsyn að eiga. Með þessu vilja þau minnka álagið þegar gamla bókasafnskerfinu verður skipt út fyrir nýtt. Aðrar gjafir voru helstar leikföng á barnadeild, húsmunir á barnadeild, púsl, litir og spil. Þessar gjafir eiga stóran þátt í því hve heimsóknum barna og foreldra hefur fjölgað því afþreying hefur stóraukist 😊. Einnig fáum við reglulega gefins púsl sem við seljum ódýrt og er peningur sem fæst fyrir það notaður til að kaupa ýmislegt sem safninu vanhagar um. Sem dæmi má nefna að öll gulu húsgögnin sem keypt hafa verið á barnadeildina Siglufjarðarmegin eru keypt fyrir þann pening. Jólaskraut, hnífapör og fleira smálegt hefur líka verið keypt.

## Safnkostur

Safnkostur sem skráður er í Gegni- samskrá bókasafna var:

### Í desember 2014

Bókasafnið Siglufirði, 20.438 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði, 14.895 eintök

### Í desember 2015

Bókasafnið Siglufirði, 24.828 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 15.437 eintök

### Í desember 2016

Bókasafnið Siglufirði, 27.064 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 15.806 eintök

### Í desember 2017

Bókasafnið Siglufirði, 31.116 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 16.457 eintök

### Í desember 2018

Bókasafnið Siglufirði, 31.976 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 16.791 eintök

### Í desember 2019

Bókasafnið Siglufirði, 30.743 eintök - Bókasafnið Ólafsfirði, 17.154 eintök

Fækkun eintaka á Siglufirði felst í afskriftum en alls voru afskráð 2.692 eintök á árinu.

## Flokkun og skráning

Skráningu eldri safnkosts **lauk á árinu 2017** og bætist eingöngu við gjafabækur og nýútkomnar bækur.


Mikil vinna er þó enn framundan með tímarit sem eru í eigu bókasafnsins á Siglufirði. Grisjun tímaritanna lauk 2017 og vonast var til að vinna hæfist við tengingu á árinu 2018. Það hefur því miður ekki verið tími til að sinna þessu sem skyldi enn á árinu 2019.

Titlar útgefnir á árinu 2019 samkvæmt Bókatíðindum voru ríflega 700 talsins. Alls voru keyptir 295 nýir titlar hjá bókasafninu Siglufjarðarmegin og 296 Ólafsfjarðarmegin. Einnig voru keypt tímarit og hljóðbækur en í litlu magni þó. Lítið sem ekkert er keypt inn af bókum á erlendum


tungumálum. Árlega er farið á bókamarkað bókaútgefenda og þar eru keyptar eldri bækur sem safnið á ekki og hefur mest áhersla verið lögð á að bæta við bókakostinn á barnadeild.

## Útlán

Bókasöfn Fjallabyggðar lána út bækur, hljóðbækur og tímarit. Ekki er um útlán á tónlist eða DVD myndum að ræða. Útlán á árinu 2019 voru alls 8.478 (S 4.890/Ó 3.588). Útlán á árinu 2018 voru alls 9.238 (S 5.772/Ó 3.466). Fjölgun er á útlánum í Ólafsfirði en útlán hafa minnkað á Siglufirði. Staðan í dag er þannig að vegna mikillar aukningar á gestafjölda og eftirspurn eftir nýjum bókum þá er ekki nægjanlegt að eiga eitt eintak af bók á hvoru safni. **Útlán væru fleiri ef safnið hefði tök á að kaupa fleiri en eitt eintak af vinsælustu bókunum. Við önnum ekki eftirspurn.**



## Gestir



Lánþegar með gild skírteini í árslok 2019 voru 334 (S 211/Ó 123).

Samkvæmt talningu voru lánþegakomur á árinu 10.299 (S 7.286/Ó 3.013). Inni í þessum tölum eru einnig aðrir gestir þ.e. skólahópar í safnfræðslu, leikskólahópar, gestir á hannyrðakvöldum og öðrum viðburðum. Bókamarkaðir voru ekki haldnir þetta árið og skýrir það að hluta fækkun gesta. Einnig má telja víst að samdráttur í útlánnum og gestakomum sé að hluta til komin vegna Storytel sem er rafbókaveita þar sem gestir borga ákveðið gjald á mánuði og geta hlaðið niður rafbókum að vild. Gestir sem sóttu Upplýsingamiðstöðina eru **EKKI** inni í þessum tölum.



## Símenntun

Í febrúar var fjarfundur hjá Alefli og Landskerfi bókasafna um nýja bókasafnskerfið sem fyrirhugað er að taka í notkun 2021. Hrönn, Bylgja og Vilhjálmur tóku þátt í fundinum.

Forstöðukona sótti vorfund SFA- félags forstöðumanna. Fundurinn var haldinn í Grindavík í maí.

Annar fundur Aleflis í maí – fjarfundur sem starfsmenn tóku þátt í

Kynningarfundur Landkerfis á Akureyri vegna nýja bókasafnskerfisins var haldin í Október.

Bylgja og Vilhjálmur fóru á fundinn og voru bókasöfnin lokuð þann dag.

## Helstu verkefni 2019

1. Árið hófst á að starfsmenn á Siglufirði hófu að tæma geymslu inn af bókasafni þar sem geymdar eru bækur útgefnar fyrir árið 1980. Þetta var gert til að rýma til fyrir betri hillum. Bæjarstarfsmenn komu síðan og tóku niður gömlu hillurnar, veggir voru málaðir og síðan settu bæjarstarfsmenn upp járnhillur sem áður voru nýttar í geymslu á 2. hæð. Í kjölfarið voru bókum raðað upp eftir nýju og betra skipulagi. Hillur voru merktar og eiga nú gestir safnsins greiðan aðgang að eldri safnkosti.
2. Bæjarstarfsmenn báru niður frá 2. hæð 160 bókakassa og fór allt árið í að yfirfara kassana, grisja og endurmerkja.
3. Við hringstigapallinn á 2. hæð var mikið af gömlum bókum í hillum, þær hillur voru tæmdar og bækur færðar inn í herbergi sem áður var vinnuherbergi skjalavarðar. Alþingistíðindi tóku mikið pláss og var þeim öllum hent.
4. Á haustdögum var farið í að færa bækur útgefnar á áttunda áratugnum (1971-1979) úr útlánasal og inn í geymslu á 1. hæð en einnig var bókum pakkað og þær skráðar í kassa.
5. Þrif og fín röðun
6. Mikil vinna er fólgin í því að taka við gjafabókum en það margborgar sig því þær eru notaðar til að bæta bókakost safnsins. Þessu verkefni hefur verið hætt tímabundið.
7. Grisjun tengdra bóka mest í geymslu á 1. hæð.
8. Ný hillustæða sett upp í Bókasafninu í Ólafsfirði, og endurskipulagt og raðað (skáldsögur og kiljur ásamt nýju bókunum)

## Viðburðir og sýningar

- Hannyrðakvöldin sem eru annað hvert þriðjudagskvöld yfir vetrarmánuðina eru alltaf vel sótt og hefur orðið aukning þar. Að jafnaði eru það nú 18 gestir sem sækja hvert hannyrðakvöld.
- Fastar sýningar eru í glerskápum allt árið. Þar má meðal annars sjá muni úr eigu gamla Sparisjóðsins, muni frá Karlakórnum Vísi, fágætar bækur úr Hraunasafni og hina ýmsu muni sem fundist hafa í kössum hér við tiltekt. Á árinu fengum við gefins leikföng frá fimmta áratug síðustu aldar og bættust þar í föstu sýningarnar í glerskápunum. Gömul skrá frá Óla Blöndal fannst við tiltekt og þar má sjá uppruna hluta þessarar muna.
- Tónfundur Tónlistarskólans haldinn á Bókasafninu í mars.
- Fastir liðir orðnir eru heimsóknir krakka í frístund einu sinni í viku.

## Héraðsskjalasafn

### Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Lögbundið hlutverk Héraðsskjalasafns Fjallabyggðar er að taka við skjölum afhendingarskyldra aðila, þ.e. sveitarfélagsins og stofnana þess, skrá skjölin og varðveita þau á viðurkenndan hátt. Héraðsskjalasafnið tekur einnig við einkaskjölum, t.d. bréfasöfnum, dagbókum og skjölum félaga og fyrirtækja. Héraðsskjalasafnið hefur verið starfrækt á Siglufirði síðan árið 1984 og frá árinu 2006 undir merkjum sameiginlegs sveitarfélags Fjallabyggðar. Ekki hefur verið tími né mannskapur til að sinna skjalasafninu sem skyldi í gegnum árin og enginn fastur starfsmaður eða skjalavörður var hluta af þeim tíma sem skjalasafnið hefur starfað. En eins og máltækið segir „kemst þó hægt fari“ og seinni ár hefur starfinu miðað ágætlega þó enn sé afar mikið verk óunnið. Á seinni hluta ársins 2017 var unnin opinber stefnumótun fyrir héraðsskjalasafnið og var hún samþykkt í bæjarráði snemma á árinu 2018. Þetta er stórt skref í þá átt að gera skjalasafnið virkt og uppfylla þau lög og reglugerðir sem gilda um héraðsskjalasöfn. Svo við vitnum í orð fyrrum bæjarstjóra okkar, Gunnars Birgissonar, „þá er með því að starfrækja héraðsskjalasafn, lagður traustur grundvöllur fyrir því að varðveita skjöl einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja í bænum á heimaslóðum. Það er mikilvægt því saga okkar er margbrotnari en svo að hún verði eingöngu skoðuð í opinberum skjölum“ (Ársrit héraðsskjalasafns Kópavogs, 2010, bls. 5).

### Húsnæðismál

Héraðsskjalasafnið er staðsett á annarri hæð ráðhússins að Gránugötu 24 Siglufirði. Þar var vinnuaðstaða skjalavarðar 16,1 fm<sup>2</sup>. Skjalageymslan gamla er 14 fm<sup>2</sup>, eldtraust.

Héraðsskjalasafnið hafði semsagt yfir 30 fermetrum af húsnæði að ráða og segir það sig sjálft að það er ekki nægjanlegt. Þegar fjárhagsáætlun ársins 2019 var unnin var gert ráð fyrir fjármagni hjá eignasjóði til kaupa á nýjum skjalaskápum. Samþykki fékkst fyrir því að tæma geymslu

bókasafns á 2. hæð og breyta henni í löglega skjalageymslu. Voru skjalaskáparnir pantaðir strax í ársbyrjun 2019. Aðstaða til að geyma skjalakassa og umbúðir sem nauðsynlegar eru batnaði lítillega á árinu þar sem vinnuaðstaða skjalavarðar var flutt á 1. hæð og þar með bættist við aukarými þar sem gamla vinnuaðstaðan er nú nýtt sem geymsla.

Staðan núna er þannig að 25 fm<sup>2</sup> bætast við skjalageymslurými sem var áður 14 fm<sup>2</sup> og 16.1 fm<sup>2</sup> bætast við geymslu fyrir umbúðir og ófrágengin skjöl. 15 fm<sup>2</sup> eru ný vinnuaðstaða. Samtals hefur því héraðsskjalasafnið nú yfir um það bil 70 fm<sup>2</sup> að ráða og er það meira en helmingi viðbót. 😊 Aðstaða og aðgengi fyrir gesti héraðsskjalasafnsins er samnýtt með bókasafninu og komin er ágætis aðstaða fyrir gesti þar sem þeir geta sest niður og grúskað. Afgreiðslutími er eftir samkomulagi við starfsmenn héraðsskjalasafns.

### Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstargjöld með tilliti til tekna árið 2019 voru kr. **8.381.000** en rauntölur urðu kr. **7.490.000**. Árið 2018 voru áætlaðar kr. 7.908.000 en rauntölur urðu kr. 6.384.286.

### Mannauður

Bylgja Hafþórsdóttir í 15% starfi allt árið. Gíslný Halldóra Jónsdóttir í 50% starfi allt árið, forstöðukona, Hrönn Hafþórsdótti í 50% starfi allt árið. Stöðugildin eru 1.15 sem er óbreytt frá fyrra ári.

### Símenntun

Í maí var fjarfundur með starfsmönnum héraðsskjalasafna og þjóðskjalasafns.

Í maí, Héraðsskjalavörður sótti fund vegna rafrænnar skjalavörslu á Sauðarkróki.

Haustráðstefna héraðsskjalavarða var haldin í Borgarnesi í október og sótti forstöðukona ráðstefnuna.


Þjóðskjalavörður Hrefna Róbertsdóttir ásamt Nirði Sigurðssyni sviðsstjóra heimsóttu okkur á árinu til að taka út stöðuna á safninu og leist þeim vel á og sáu mikinn mun frá fyrri heimsókn.

### Helstu verkefni

Ný skjalageymsla fékkst samþykkt af Þjóðskjalasafninu í mars. Þar voru keyptir inn nýjir skjalskápar á brautum og er þetta bylting fyrir starfið. Nýju skjalaskáparnir voru settir upp í mars ásamt því að settar voru eldvarnarhurðir fyrir rýmin. Þegar því var lokið hófst vinnan við að færa skráða skjalakassa úr gömlu geymslunni og vinnuherbergi skjalavarðar. Byrjað var á því að merkja skjalaskápana og voru þeim gefin nöfn eins og BEKKUR, HYRNA, HNJÚKUR o.s.f. Hillur voru númeraðar 1.a 1.b og áfram. Nauðsynlegt var og er að endurmerkja alla kassa og öll skjöl sem eru í kössunum og hefur sú vinna verið í höndum Gíjju (Gíslný Halldóra). Gamla geymslan sem er eldtraust er nú eingöngu ætluð fyrir trúnaðargögn og fundargerðir stjórna, ráða og nefnda Fjallabyggðar. Hillur voru endurmerktar í gömlu eldtraustu geymslunni, það er seinlegt því það er mikil vinna að ná af gömlum merkingum, notast er við heitt vatn, rauðspritt og glersköfu. Áður var búið að flytja öll einkaskjalasöfn yfir í nýju geymsluna í hillur sem voru þar. Þetta var nauðsynlegt þar sem gamla geymslan var löngu sprungin og auðveldar vinnuna við að setja einkaskjalasöfnin á varanlegan stað í nýju skjalageymslunni. Helstu verkefni starfsmanna héraðsskjalasafnsins á árinu voru semsagt flutningur og endurmerking skjala milli herbergja. Afhendingar sem bárust á árinu var reynt að flokka og skrá jafnóðum og þær bárust. Afhendingar til héraðsskjalasafnsins á árinu 2019 voru 38 og skiptast þær þannig:

- Einkaskjalasöfn – 16
- Félög – 9
- Fyrirtæki – 1
- Opinber skjöl – 9
- Annað – 9

Þetta eru alls 45 aðilar og er skýringin á mismuninum sú að nokkrir afhentu gögn frá fleiri en einum aðlila.



Á árinu 2013 voru afhendingar 13, árið 2015 voru afhendingar 30, árið 2017 voru afhendingar 35 og árið 2018 voru afhendingar 30 mjög mismunandi stórar að umfangi. Á árinu 2019 var unnið í skjölum 243 mismunandi flokka ( opinberir aðilar, félög, einstaklingar og fyrirtæki). Fjöldi nýrra skráninga var 79 og fjöldi sem unnið var í vegna tilfærslu yfir í nýju geymsluna var 164. Þetta skiptist þannig:

- Skráningar á félagasamtök - 83
- Skráningar á opinberar stofnanir - 31
- Skráningar á fyrirtæk i- 42
- Skráningar á einkaskjalasöfn - 87

Héraðsskjalasafnið er alltaf að verða meira og meira sýnilegt og auðveldara er en áður að svara fyrirspurnum þar sem sífellt meira af gögnum er skráð. Formlegar fyrirspurnir á árinu 2019 voru 58.

- Tölvupóstur – 19
- Komur – 31
- Símtöl – 18
- Facebook – 3

Á árinu 2018 voru fyrirspurnir alls 46 ýmist símleiðis eða með tölvupósti.

Einnig var nokkuð um að fólk kæmi og bæði um að fá ákveðin skjöl til að nota við skrif eða rannsóknarvinnu. Er ánægjulegt hversu þessum heimsóknum hefur fjölgað. Eftir því sem skráningu miðar verður sífellt auðveldara að svara fyrirspurnum. 😊 Hluti einkaskjalasafna í eigu héraðsskjalasafnsins eru aðgengileg á vefnum [einkaskjalasafn.is](http://einkaskjalasafn.is) og stöðugt bætist við. Ef fram fer sem horfir er ný heimasíða væntanleg og mun þá aðgengi almennings að skjölum og geymsluskrám verða að veruleika.

### Lokaorð

Mikið hefur áunnist á árinu varðandi aðstöðu og búnað héraðsskjalasafnsins. Stefnumótunin hefur skilað sínu og alltaf færumst við nær því að uppfylla þau lög og reglur sem gilda varðandi héraðsskjalasöfn. Á haustdögum ársins 2019 var umbótaskýrsla send til Þjóðskjalasafns og ánægjulegt að geta upplýst að hún var samþykkt.



## Upplýsingamiðstöð ferðamála í Fjallabyggð

Allt árið 2019

### Opnunartími

Upplýsingamiðstöð ferðamála er opin allt árið. Hún hefur verið staðsett hin síðustu ár í Bókasafni Fjallabyggðar bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði. Opnunartími Upplýsingamiðstöðvar fylgir opnunartíma bókasafnanna. Frá 1. júní til 31. ágúst þegar flestir ferðamenn sækja Fjallabyggð heim er opnunartími frá kl. 09.00 - 17.00 virka daga á báðum stöðum. Lokað er þó í Ólafsfirði á morgnana á meðan á sumarleyfi starfsmanns stendur. Opið var á laugardögum í Ólafsfirði frá kl. 11.00 – 15.00 en á Siglufirði var opið bæði laugardaga og sunnudaga frá kl. 11.00 – 15.00. Rétt er að taka fram að afar fáir sóttu Upplýsingamiðstöðina í Ólafsfirði heim á laugardögum og hefur verið farið fram á að hún verði lokað á laugardögum sumarið 2020. Stefnum þó á að hafa opið á Berjadögum og afmæli Ólafsfjarðar. Lokað er á stórhátíðardögum.

### Rekstur og fjárveitingar

Áætluð rekstrargjöld Upplýsingamiðstöðvar voru á árinu 2019 kr. **6.453.000** og er það minna en árið 2018 þegar áætluð rekstrargjöld voru kr. 8.040.000. Raungjöld árið 2019 urðu kr. **3.191.538**. Kemur þetta til vegna þess að nú var ekki tekin innri leiga húsnæðis inn í rekstarkostnað en gert var ráð fyrir í áætlun að innri leiga yrði kr. 3.265.000. Meginkostnaður við rekstur upplýsingamiðstöðvar felst í launum, launatengdum kostnaði og innri húsaleigu. Þessir liðir voru árið 2019 samtals kr. 6.064.000 og það fé sem Upplýsingamiðstöð hefur til ráðstöfunar til að fjármagna auglýsingar, vörukaup og annað er aðeins tæpar 389.000 kr. Af því fóru um það bil kr. 60.000 krónur í kaup á gönguleiðarkortum og kr. 35.000 í auglýsingar um opnunartíma. Af þessu má sjá að fjármagn sem Upplýsingamiðstöð hefur yfir að ráða er ekki mikið. Þetta er mögulegt eingöngu vegna þess að öll aðstaða og búnaður er samnýttur með

bókasafni. Þessu hefur verið mætt með því að gönguleiðakort sem Upplýsingamiðstöð kaupir eru seld og tekjurnar fær bókasafnið upp í kostnað vegna samnýtingarinnar.

### Mannauður

Starfsmenn Upplýsingamiðstöðvar, (júní, júlí og ágúst), voru á Siglufirði, Eva Hrund Unnarsdóttir (50%), Bylgja Hafþórsdóttir (25%), Jódís Jana Helgadóttir (50%), bæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Frá og með 1. nóvember 2017 eru tveir starfsmenn með fast 10% starfshlutfall hvor, Vilhjálmur Hróarsson á Ólafsfirði og Bylgja Hafþórsdóttir á Siglufirði.

### Ferðamenn

Eins og áður er talið allt árið bæði á Siglufirði og í Ólafsfirði.

### Siglufjörður – ferðamenn

	Jan.-Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.-Des.
Erlendir	132	133	472	953	461	X	X
Innlendir	27	16	25	78	45	X	X
<b>Alls=2.577</b>	<b>159</b>	<b>149</b>	<b>497</b>	<b>1031</b>	<b>506</b>	<b>187</b>	<b>96</b>

X\* Ekki aðgreint eftir þjóðerni

Alls komu 2.577 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina á Siglufirði og er það töluverð fækkun frá árinu 2018 en þá sóttu 3.860 ferðamenn Upplýsingamiðstöðina heim.

### Ólafsfjörður – ferðamenn

	Jan.-Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Okt.-Des.
Erlendir	X	X	44	31	23	X	0
Innlendir	X	X	12	0	0	X	0
<b>Alls=160</b>	<b>12</b>	<b>16</b>	<b>56</b>	<b>31</b>	<b>26</b>	<b>19</b>	<b>0</b>

X\* Ekki aðgreint eftir þjóðerni

Alls komu 160 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina á Ólafsfirði og er það fækkun frá árinu 2018 en þá komu alls 302 ferðamenn á Upplýsingamiðstöðina, Ólafsfirði. Möguleiki er að þessi fækkun sé að hluta til komin vegna opnunar Upplýsingamiðstöðvar í Kaffi Klöru sem er betur staðsett en Upplýsingamiðstöð Fjallabyggðar en það virðist þó óumdeilanlegt að fækkun er í komu ferðamanna í Fjallabyggð.

### **Þjóðerni sem skráð voru**

Ferðamenn sem heimsóttu upplýsingamiðstöðvarnar voru samtals 2.737 miðað við 4.162 talsins árið áður og eru það aðeins 52% af fjöldanum árið áður. Það voru ferðamenn frá 28 löndum alls sem heimsóttu Upplýsingamiðstöðvar Fjallabyggðar árið 2019. Þetta er fækkun því árið 2018 voru ferðamenn frá 37 löndum sem heimsóttu Upplýsingamiðstöðina á Siglufirði og ferðamenn frá 16 löndum miðað við 19 lönd árið áður sem heimsóttu Upplýsingamiðstöðina í Ólafsfirði. Eins og áður voru það Bandaríkjamenn, Þjóðverjar og Frakkar sem voru í miklum meirihluta erlendra ferðamanna en mikil fækkun varð í komu íslenskra ferðamanna.

### **Þjóðerni (stafrófsröð)**

Austurríki, Ástralía, Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Bretland, Danmörk, Frakkland, Holland, Indland, Ísland, Ísrael, Ítalía, Japan, Kanada, Kína, Kórea, Lettland, Mexíkó, Noregur, Rúmenía, Rússland, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tyrkland, Víetnam, Þýskaland.

Hluti íslenskra ferðamanna er miklu minni en árið áður og má alveg kenna tíðarfari um því sumarið var einstaklega slæmt. Minna var um erlenda puttaferðalanga og einnig var minna um þá sem ferðuðust um á campersbílum. WOW air hætti rekstri, Icelandair lenti í vandræðum með Max vélar sínar og ekki var eins mikið framboð af ódýrum flugsætum og áður.

### **Algengustu fyrirspurnir ferðamanna**

Algengustu fyrirspurnirnar voru eins og áður um gönguleiðir og leiðsögn. Mikið var spurt um staðina sem tengjast sjónvarpsþáttunum *Ófærð* og líka um staðina í bókum Ragnars Jónassonar. Hvers konar útivist verður æ stærrí þáttur í fyrirspurnunum eins og hvar séu hestaleigur, hvalaskoðun, bátsferðir, skíði og þ.h. Aðrar fyrirspurnir helstar voru varðandi tjaldsvæðið, Síldarminjasafnið, þvott, netsamband, bílaverkstæði, veðrið og minjagripi. Eins og áður var leit þeirra að aðgangi að salerni alltof algeng, vantar sárlega almenningsalerni hér sem opin eru allt árið.

### **Helstu breytingar**

Ekki var um neinar stórvægilegar breytingar að ræða á árinu 2019. Enn er úrbóta þörf varðandi merkingar og upplýsingar um hvað hægt sé að gera í Fjallabyggð. Þrátt fyrir netið þá vilja ferðamenn enn bæklínga sem þeir geta skoðað í rólegheitum því þeir eru ekki endilega alltaf í netsambandi. Upplýsingamiðstöðin þarf að vera öflug og geta sinnt ferðamönnum af metnaði. Fjallabyggð hefur upp á svo margt að bjóða og það er okkar hér í Fjallabyggð að skapa aðstæður og hafa þann aðbúnað sem þarf til að gera dvöl ferðamannsins sem ánægjulegasta.

## Súlurit yfir fjölda ferðamanna 2017 – 2018 – 2019

